



Borgarráð

Reykjavík, 18. desember 2025

MSS25120054

Erindisbréf eigendanefndar Orkuveitu Reykjavíkur um endurskoðun eigendastefnu o.fl.

Þann 14. nóvember sl. á eigendafundi Orkuveitu Reykjavíkur var samþykkt að gera tillögu til eigenda um að skipa eigendanefnd, sambærilega þeirri sem vann að undirbúningi eigendastefnu, sem samþykkt var árið 2010.

Lagt er til að borgarráð samþykki að fulltrúar Reykjavíkurborgar í eigendanefnd verði Líf Magneudóttir, Magnús Davíð Norðdahl, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir og Þórdís Lóa Þórhallsdóttir.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf eigendanefndar Orkuveitu Reykjavíkur um endurskoðun eigendastefnu o.fl.



Reykjavík

Erindisbréf eigendaneftndar Orkuveitu Reykjavíkur um endurskoðun eigendastefnu o.fl.

Inngangur:

Á eigendafundi Orkuveitu Reykjavíkur sem haldinn var 14. nóvember 2025 var eftirfarandi samþykkt:

Endurskoðun eigendastefnu: Samþykkt að gera tillögu til eigenda um að skipa eigendaneftnd, sambærilega þeirri sem vann að undirbúningi eigendastefnu, sem samþykkt var árið 2010. Drög að erindisbréfi verði sent eigendum.

Hlutverk:

Eigendaneftnd Orkuveitu Reykjavíkur er sameiginlegur vettvangur þeirra sveitarfélaga sem standa að fyrirtækinu og hefur það hlutverk að endurskoða gildandi eigendastefnu, sameignarsamning og eftir atvikum lög um Orkuveitu Reykjavíkur.

Helstu verkefni:

Rýni og mótun tillagna að endurskoðun eigendastefnu, m.a. með hliðsjón af nýrri heildarstefnu Orkuveitu Reykjavíkur. Mótun tillagna að breytingum á lögum, reglugerð, sameignarsamningi, samþykktum og félagaformi, eftir því sem þörf krefur. Tillögur verði lagðar fyrir sveitarstjórnir eigenda til samþykktar.

Skipan eigendaneftndar:

Reykjavíkurborg skipar fjóra fulltrúa, sem skv. samþykkt borgarráðs dags. 18. desember 2025 eru:

Líf Magneudóttir, Magnús Davíð Norðdahl, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir og Þórdís Lóa Þórhallsdóttir.

Akraneskaupstaður skipar tvo fulltrúa, sem skv. samþykki bæjarráðs, dags. ____ eru:

Borgarbyggðar skipar tvo fulltrúa, sem skv. samþykkt byggðaráðs, dags. ____ eru:

Borgarstjóri, bæjarstjóri Akraneskaupstaðar og sveitarstjóri Borgarbyggðar eiga jafnframt seturétt á fundum nefndarinnar.

Með eigendaneftnd starfa borgarlögmaður, borgarritari, forstjóri Orkuveitunnar og yfirlögfræðingur og þeir starfsmenn Orkuveitunnar og eigendasveitarfélaga sem kallaðir eru til verka hverju sinni.

Orkuveitan ber ábyrgð á undirbúningi og úrvinnslu funda og leggur til starfsmann til þess.

Eigendaneftnd skal skila tillögum til sveitarstjórna eigenda fyrir 31. desember 2026.

Samþykkt á fundi borgarráðs, bæjarráðs og byggðaráðs, dags.